

Ábyrgðartrygging atvinnureksturs bætir líkams- og/eða eignatjón sem váttryggður veldur þriðja manni enda sé hinn váttryggði bótaskyldur fyrir því tjóni skv. íslenskum réttarreglum. Einnig tekur tryggingin til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á váttryggðan vegna líkams- og/eða eignatjóns af völdum hættulegra eiginleika vöru, sem váttryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi. Í viðauka er að finna sérákvæði um ábyrgð vegna bráðamengunar í samræmi við lagaskyldu. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

1. KAFLI	ALMENN ÁBYRGÐARTRYGGING	1
2. KAFLI	SKAÐSEMISÁBYRGÐ	2
3. KAFLI	VIÐAUKI	3

Váttryggður er váttryggingartaki.

1. KAFLI ALMENN ÁBYRGÐARTRYGGING

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Ef ekki er á annan veg samið, tekur váttryggingin aðeins til tjóns sem verður á Íslandi og váttryggður ber skaðabótaábyrgð á samkvæmt gildandi íslenskum rétti.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á váttryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í váttryggingarskírteini enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. ss

Váttryggingin tekur einnig til skaðabótaábyrgðar sem fellur á váttryggðan sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar sem notuð er við greinda starfsemi.

3. gr. Undanþágur

Váttryggingin tekur ekki til:

- Tjóns sem starfsábyrgðartrygging tekur til hvort sem hún er fyrir hendi eða ekki.
- Endurkröfu váttryggingafélags vegna bótagreiðslu úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis.
- Tjóns sem beint eða óbeint stafar af eða leiðir af eða er afleiðing af, eða á einhvern hátt er hluti af eða tengist efninu asbest eða efni sem í er asbest í hvaða formi eða magni sem er.
- Tjóns sem tekur til loftfars eða er afleiðing notkunar þess, á rót sína að rekja til áfyllingar flugeldsneytis eða verður til vegna reksturs flugvalla.
- Fjárhæðar sem greiða hefði átt úr umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatriyggingu, sem váttryggður hefur vanrækt að kaupa eða halda í gildi.
- Endurkröfu frá almannatryggingum.
- Tjóns á munum sem váttryggður á einn eða með öðrum.
- Tjóns á munum sem váttryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna, sem váttryggður hefur tekið í heimildarleysi.
- Tjóns á munum sem váttryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.
- Tjóns á munum vegna eldsvoða.
- Tjóns sem beint eða óbeint hlýst af hvers kyns perflúor (PFAS) efnum og efnasamböndum, hvort sem unnið er með slík efni eða vöru sem innihalda þau.

Undanskildar áhættur, sem váttryggja má sérstaklega:

- Skaðabótakrafa, sem fellur á váttryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis, loftfars, skips, báts eða annars farartækis.
- Skaðabótakrafa vegna tjóns, sem hlýst við byggingarframkvæmdir á fasteign, sem váttryggður á eða notar.
- Skaðabótakrafa sem á rót sína að rekja til reksturs jarðganga eða neðansjávarvinnu.
- Skaðabótakrafa sem á rót sína að rekja til þess að stíflumannvirki bresta.
- Munatjón sem hlýst af því að váttryggður vinnur við sprengingar, jarðboranir, aðrar framkvæmdir í jörðu svo sem að reka niður eða taka upp staura, stálþil o.þ.h., niðurrif mannvirkja, uppfyllingu eða aðrar breytingar á landi, breytingar á grunnvatni, rennsli vatns eða aðrar framkvæmdir varðandi grunnvatn, stöðuvatn eða straumvatn.

Skaðabótaábyrð innan samninga Váttryggingin tekur ekki til bótaábyrgðar, sem stofnast vegna loforðs frá váttryggðum um, að hann beri viðtækari ábyrgð en venjulega skaðabótaskyldu utan samninga. Sama gildir um samning, sem felur í sér loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum reglum um ákvörðun bóta utan samninga.

Mengunartjón Váttryggingin tekur ekki til tjóns, sem rakið verður til hægfara mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið greiðir þó bætur vegna bráðamengunartjóns, ef það verður rakið til eins skyndilegs og óvænts atburðar, sem ekki má kenna því, að váttryggður hefur með ásetningi eða stórfelldu gáleysi látið hjá líða að fara eftir opinberum fyrirmælum, sem gilda á hverjum tíma. Með bótaskyldu bráðamengunartjóni er átt við tjón eða skaða á mönnum, dýrum, lífríki, jarðvegi og efnislegum verðmætum.

4. gr. Tímatakmörk

Ef ekki er á annan veg samið tekur váttryggingin til ábyrgðar vegna atvika sem eiga sér stað á váttryggingartímanum og tjón hefur hlotist af. Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem verður áður en váttryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum.

5. gr. Varúðarreglur

Váttryggðum og starfsmönnum hans er skylt að gæta þess, að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir, sem hafa lögskilin réttindi til stjórnunar slíkra tækja.

Áður en hafinn er gröftur í jörðu, borvinna eða múrsögun í húsum eða utanhúss, skulu váttryggður og starfsmenn hans kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum, þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Um tjón af þessu tagi gildir sérstök eigin áhætta sem fram kemur á skírteini.

Verði slys á athafnasvæði váttryggingartaka eða að öðru leyti í tengslum við starfsemi hans skal hann sjá til þess að rannsókn fari í öllum tilvikum fram eins fljótt og auðið er. Sé um vinnuslys að ræða, sem er til þess fallið að valda fjarveru hins slasaða frá vinnu, skal váttryggingartaki tafarlaust og áður en vettvangi er raskað tilkynna lögreglu og vinnueftirliti um slysið sbr. einnig 79. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Varúðarregla þessi raskar í engu almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar.

2. KAFLI SKAÐSEMISÁBYRGÐ

6. gr. Hvar gildir tryggingin?

Ef ekki er á annan veg samið, tekur váttryggingin aðeins til tjóns sem verður á Íslandi og váttryggður ber skaðabótaábyrgð á samkvæmt gildandi íslenskum rétti.

Auk tjóns á Íslandi tekur váttryggingin til tjóns vegna hættulegra eiginleika söluvöru er verður í þeim ríkjum sem nefnd eru í váttryggingarskírteini. Skilyrði þess að váttryggingin taki til tjóns erlendis er að sérstakt iðgjald hafi verið greitt fyrir þá áhættu. Bætur fyrir tjón sem hlýst utan nefndra ríkja greiðast þó ef tjónið verður rakið til söluvöru, sem flutt er út úr þessum ríkjum (óbreytt, endurunni eða sem hluti af annarri vöru), annað hvort til einkanota eða í atvinnuskyni, án þess að váttryggðum hafi verið eða átt að vera kunnugt um að varan yrði flutt út úr þessum ríkjum.

7. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á váttryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum af völdum hættulegra eiginleika vöru, sem váttryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi, enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar og hann orðið, eftir að váttryggður afhenti söluvöruna. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins, að tjóninu hafi verið valdið í starfsemi þeirri, sem nefnd er í váttryggingarskírteini og af völdum söluvöru, sem þar er nefnd.

8. gr. Sérreglur um hættulega eiginleika hráefnis, byggingarhluta, vélarhluta o.þ.h.

Váttryggingin tekur enn fremur til ábyrgðar vegna skemmda á munum, sem búinir eru til úr söluvöru váttryggðs, skeyttir eru saman við eða blandaðir við hana eða eru á annan sambærilegan hátt tengdir við hana. Í þessum tilvikum greiðast bætur hvort orðið hefur muna-, líkamstjón eða annað fjártjón. Greiðsluskylda félagsins takmarkast við bótaábyrgð, sem beinlínis verður rakin til þess að fleygja verður eða gera við hlut, sem búinn er til úr söluvöru váttryggðs eða tengdur henni eða að hluturinn verður dýrari í framleiðslu eða lækkar í verði. Að öðru leyti er greiðsluskylda félagsins háð þeim skilyrðum sem fram koma í þessari grein. Bætur eru aðeins greiddar fyrir verðyrnun hlutarins, aukakostnað við framleiðslu eða gerð hans eða beinan kostnað við viðgerð á honum. Ekki eru greiddar bætur fyrir annað tjón, útgjöld eða kostnað, t.d. vegna þess að senda þarf viðgerðarmenn eða aðra starfsmenn á vettvang, taka þarf hluti aftur, rannsaka eða flytja hluti, sem búinir eru til úr söluvöru váttryggðs, eða vara menn við hættu af slíkum hlutum. Ef skemmdir eða tjón hefur hlotist af söluvöru váttryggðs ber að draga frá váttryggingarbótum andvirði söluvöru váttryggðs, eins og það var miðað við ógallaða vöru.

9. gr. Undanþágur

Váttryggingin tekur ekki til:

- Tjóns sem hlýst af því, að söluvara berst viðtakanda ekki eða ekki í tæka tíð eða greiðsla er ekki innt af hendi á réttum tíma.
- Skemmda á söluvörunni sjálfri.
- Fjártjóns, er ekki verður rakið til líkamstjóns eða eignaskemmda.
- Tjóns, útgjalda eða kostnaðar við að váttryggður tekur söluvöru aftur, býr til eða afgreiðir nýja vöru, eða flytur brott vöru eða gerir aðrar þess háttar ráðstafanir vegna galla á hinu selda, né heldur kostnað, útgjöld eða tjón, sem stofnað er til í því skyni að afstýra tjóni.
- Kostnaðar, útgjalda eða tjóns sem verður vegna könnunar á því, hvort söluvara sé gölluð eða hættu sé á, að váttryggingaratburðurinn gerist, eða tjóns, sem stafar af því, að eigi er unnt að nota gallaða söluvöru.
- Rekstrartaps, afnotamissis eða annars óbeins tjóns.
- Tjóns af völdum söluvöru, sem notuð er við rekstur loftfars og á annað hvort þátt í flugslysi eða veldur hættu á því.
- Sérstakra refsikendra bóta („punitive damages“).
- Ábyrgðar sem stafar af framleiðslu getnaðarvarna sem ætlaðar eru til inntöku þegar meginverkun þeirra er að koma í veg fyrir meðgöngu. „Getnaðarvarnir“ merkja hér töflur sem konur nota til þess að koma í veg fyrir meðgöngu. Virkir

efnisþættir í getnaðarvörnum sem ætlaðar eru til inntöku eru tilbúnir „analogar“ eða „antagonistar“ tveggja tegunda kvenhormóna, estrógena og prógesteróna.

- j. Ábyrgðar sem stafar af framleiðslu blólufna. „Bólufni“ merkir hér lyf sem gerð eru úr útþynntum, dauðum eða óvirkum sýklum (antigens), sérstökum mótefnum (immunoglobulins) eða eiturefnum, eða efni sem búin eru til með erfðabreyttum aðferðum.
- k. Ábyrgðar sem leiðir af framleiðslu á sílikon vörum. „Sílikon vörur“ merkja hér vörur sem eru búnar til úr fjölliðu efnablöndum sílikons og vetnis og kolefnasambanda, venjulega kallaðar „polyorganosiloxane“ sem er sprautað inn í, notað er innvortis eða grætt í menn í margháttuðum tilgangi og sem innihalda að öllu leyti eða að hluta, silicone, hvort sem það er umlukið himnu eða öðrum umbúðum, í fljótandi formi eða í formi hlaups, deigs eða fast efnis þar með talið þegar það myndar poka, hjúp eða lag.
- l. Ábyrgðar sem beint eða óbeint leiðir af framleiðslu, dreifingu eða vinnslu á hvers kyns perflúor (PFAS) efna og -efnasamböndum eða vöru sem inniheldur slík efni.
- m. Ábyrgðar vegna dauða, fíknar eða að maður hlýtur eða veikist af, eða veikindi aukast af eða versna af sjúkdómi, sótt, áverka, sálarangist eða áfalli eða líkamlegum og/eða andlegum lasleika sem orsakast af eða er talinn hafa orsakast af eða á einhvern hátt er stuðlað að af tóbaksvörum og/eða auglýsingum eða annarri kynningu á slíkum vörum. „Tóbaksvörur“ merkja hér allt tóbak og/eða tóbaksvörur og/eða níkótín og/eða níkótínvörur og/eða sigarettupappír og/eða síur og/eða efni notuð í stað tóbaks sem framleidd eru, unnin og meðhöndluð af váttryggingartaka. Þetta undanþáguákvæði tekur ekki til níkótíns sem notað er í meðferðarskyni.
- n. Ábyrgðar vegna hættulegra eiginleika vöru sem seld og afhent er eftir að sala hennar hefur verið bönnuð á markaði.

10. gr. Tímatakmörk

Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu, sem gerð er á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum, án tillits til þess, hvenær atvik þau urðu, er krafan reis af. Váttryggingin nær ekki til tjóns, sem kemur í ljós áður en váttryggingartíminn hefst. Skaðabótakrafa telst gerð, þegar hið fyrsta af eftirfarandi atvikum ber að höndum:

- a. Þegar váttryggðum berst fyrsta skrifleg krafa um bætur vegna tjónsatviks.
- b. Þegar váttryggðum eða þeim, sem stjórnar atvinnurekstrinum fyrir hans hönd, verður fyrst kunnugt, að tjónsatvik hefur orðið eða að bein hætta er á, að tjón verði, sem vera kann að rakið verði til hegðunar váttryggðs eða söluvöru hans.

Félagið bætir ekki tjón vegna skaðabótakröfu, sem gerð er á hendur váttryggðum á váttryggingartímanum, nema váttryggður tilkynni félaginu um kröfuna innan 3 mánaða frá lokum váttryggingarinnar. Hafi váttryggður tilkynnt félaginu um tjónsatvik innan framangreinds frests án þess þó að skrifleg krafa hafi borist honum, greiðast aðeins bætur úr váttryggingunni ef skrifleg krafa tjónþola er tilkynnt félaginu innan 2 ára frá lokum váttryggingarinnar.

11. gr. Varúðarreglur

Til þess að váttrygging þessi ná til ábyrgðar á hættulegum eiginleikum er það gert sem skilyrði að:

- a. Váttryggingartaki fylgi opinberum reglum og fyrirmælum um efnaiblandanir.
- b. Ef um sé að ræða framleiðslu söluvöru sem getur myndað þessa eiginleika eftir geymslu í tiltekinn tíma að á umbúðum séu greinilegar merkingar um síðasta neysludag.
- c. Fylgt sé reglum og fyrirmælum um merkingar söluvöru.

3. KAFLI VIÐAUKI

Viðbótarvernd samkvæmt eftirfarandi sérskilmálum gildir aðeins ef hennar er sérstaklega getið á váttryggingarskírteini og gegn greiðslu viðbótariðgjalds

12. gr. Sérskilmáli fyrir skaðabótaábyrgð vegna bráðamengunar skv. 16. gr. laga nr. 33/2004

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skilmála Frjálsrar ábyrgðartryggingar tekur váttryggingin til bótaskylds bráðamengunartjóns samkvæmt 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1078/2005. Framangreint gildir þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi váttryggðs eða starfsmanns hans, enda sé um að ræða mengun hafs eða strandar sem krefst tafarlausra aðgerða. Váttryggingin tekur jafnframt til kostnaðar af ráðstöfunum til að takmarka slíkt tjón eða skaða. Váttryggingin gildir hvar sem er innan mengunarlögsögu Íslands. Ábyrgð félagsins hvort sem er vegna hvers einstaks tjónsatburðar eða samtals á váttryggingarárinu takmarkast við 1.000.000,- SDR þrátt fyrir að annarrar fjárhæðar sé getið á váttryggingarskírteini. Af hverju tjóni ber váttryggður eigin áhættu að fjárhæð kr. 450.000 þrátt fyrir að annarrar fjárhæðar sé getið á váttryggingarskírteini. Váttrygging skv. sérskilmála þessum tekur ekki til bótaábyrgðar sem er víðtækari en eftir þeim reglum sem gilda skv. lögum nr. 33/2004. Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika, sem verða þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti váttryggðum og Umhverfisstofnun að váttryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin fyrir þennan frest. Í slíkum tilvikum á félagið ætíð endurkröfurétt á hendur váttryggðum, hafi félagið greitt bætur eftir að váttrygging hefur fallið niður. Hafi félagið greitt bætur vegna bótaskylds bráðamengunartjóns á það endurkröfurétt á hendur váttryggðum eða hverjum þeim, sem valdið hefur tjóni með háttsemi, sem telst stórfellt gáleysi eða ásetningur, sbr. 4. gr. reglugerðar sem sett er skv. lögum nr. 33/2004.

Varúðarregla: Váttryggður skal gera ráðstafanir í starfsemi sinni til þess að tryggja öryggi efna sem valdið geta mengun eða bráðamengun, þar á meðal fylgja kröfum laga og reglugerða á því sviði sem starfsemi hans er.

Skilmálar þessir gilda frá 1. apríl 2024.